

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr landssjóði, þar með talin málflytningu- og tilvísunarslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors.

Mánudaginn 31. janúar 1916.

Nr. 62/1915.

Guðmundur Jóhannesson  
 gegn  
 Guðmundi Eggerz.

D ó m u r :

Mál þetta er í héraði höfðað af sýslumanni Guðmundi Eggerz gegn Guðmundi kaupmanni Jóhannessyni, fyrir meiðyrði, og var það dæmt í aukarétti Suður-Múlasýslu 28. júnimánaðar f. á. á þá leið, að hin meiðandi orð voru dæmd ómerk, Guðmundur Jóhannesson var dæmdur í 30 kr. sekt, en til vara í 6 daga einfalt fangelsi, og ennfremur til að greiða 15 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Guðmundur kaupmaður Jóhannesson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15. sept. f. á. og gert þær réttarkröfur, principaliter, að aukaréttardómurinn verði ó-

merktur og málinu vísað frá undirréttinum og in subsidium að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu. Þá krefst hann þess og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, hvernig sem málið fer. Stefndi, sýslumaður Guðmundur Eggerz, krefst þess hinsvegar að aukaréttardómurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Ómerkingar- og frávisunarkrafa áfrýjanda er rökstudd aðallega með því, að málið hafi eigi verið lagt löglega til sátta, því að eigi sé sannað að málsaðilar hafi mætt á sáttafundi. Það er nú að visu svo, að sáttanefndin hefir eigi getið þess í áteiknun sinni á sáttakæruna, að aðilar hafi mætt á fundinum, en aðeins vottað, að sættir hafi eigi komist á, en í þessu vottorði virðist það liggja, að sátt hafi verið reynd með málsaðilum, er hafi mætt, enda hefir áfrýjandi enga athugasemd gert í héraði um málsmeðferð stefnda, að því er þetta atriði snertir, og minnst hann þó sérstaklega á sáttakæruna í 1. varnarskjali sínu þar. Það verður því ekki fallist á þessa ómerkingarástæðu áfrýjanda, og eigi verður heldur neitt tillit tekið til þess, að hann nú tekur það fram, til þess að ónýta málátibúnað stefnda, að áteiknun stefnuvottanna á sáttakæruna beri það eigi með sér að hún hafi verið birt á heimili kærða (áfrýjanda) og stefnuvottarnir í áteiknun sinni á aukaréttarstefnuna, kalla hana gestaréttarstefnu, því að hann gerði engar athugasemdir hér að lútandi fyrir aukaréttinum og eftir báðum stefnunum mætti hann.



Aðalefni málsins er það, að stefndi bar á áfrýjanda og kærði hann fyrir að hafa beint til sín orðunum: »Þessi helvítis sýslumaður«; segir stefndi svo frá, að þetta hafi skeð 14. janúar f. á.; hafi áfrýjandi þá ekið grjóti í heimildarleysi á lóð sína, og er stefndi bannaði honum það, hafi hann svarað ónotum einum, og sagt þá ofangreind orð. Áfrýjandi skýrir svo frá þessum viðskiftum þeirra, að hann hafi alls ekki viðhaft við stefnda hin tilgreindu orð, heldur hafi hann, er hann fór frá þeirra samfundi í geðshræringu, út af fáheyrðum ójöfnuði stefnda, sagt hátt við sjálfan sig út í loftið: »Helvítis sýslumaðurinn«. Þykist hann eigi hafa beint þessum orðum að stefnda né sagt þau við hann. En þetta er augljóslega þýðingarlaust í málinu. Það gerir engan greinarmun hvort hann hefir sagt: »Þessi helvítis sýslumaður«, eða aðeins: »helvítis sýslumaðurinn«, sem hann hefir kannast við að hafa sagt, og þó hann hafi eigi sagt orðin beint við stefnda, þá er þó eftir öllum málsatvikum enginn vafi á því, að hann hefir sagt þau um stefnda, svo að nokkrir vottar heyrðu. Orðin eru skammaryrði, er varða við lög, eftir 219. grein hegningarlaganna, 25 júní 1869, og verður áfrýjandi því, jafnframt og orðin eru dæmd dauð og ómerk, að sæta sektum fyrir þau, og þykir sekt sú 30 kr., er ákveðin er með aukaréttardóminum, sem eigi hefir verið gagnáfrýjað, eigi of há, og þar sem ákvæði dómsins um vararefsinguna og um málskostnað samþykkjast, ber að staðfesta dóminn í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi, Guðmundur Jóhannesson, greiði stefnda, Guðmundi Eggerz sýslumanni, málskostnað fyrir yfirdómi, 25 kr. — Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 31. janúar 1916.

Nr. 77/1915.

Kristgeir Jónsson

gegn

Jónínu Hannesdóttur.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefnda, Jórunn Hannesdóttir, til heimilis á Laugavegi 76 B hér í bænum, gegn áfrýjanda, Kristgeiri Jónssyni, bónda í Lækjarhvammi í Reykjavík, til greiðslu á sumarkaupi 1914, kr. 27.14, en áfrýjandi hóf hinsvegar gagnsök á hendur stefndu til skaðabóta-greiðslu fyrir rifting á vinnusamningi, og voru þessi mál dæmd á bæjarþinginu 17. júní f. á. á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða stefndu kr. 24.00 með 5% ársvöxtum frá 31. des. 1914 til borgunardags, og 20 kr. í málskostnað. Svo var hann og dæmdur í 8 kr. sekt til landssjóðs fyrir óparfa þrætu. Í gagnsökinni var stefnda sýknuð og málskostnaður látinn falla niður.